

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðminjavörslu nr. 323/1990.

1. gr.

12. gr. stafliður d) orðist svo:

Húsverndardeild sér um viðhald, rekstur og eftirlit með öllum húsum, sem Þjóðminjasafn Íslands á eða hefur gert samkomulag um rekstur og viðhald á. Í því skyni hefur deildarstjóri húsverndardeildar samvinnu við minjaverði hvers svæðis og skulu þeir sjá svo til að hæfir iðnaðar- og hleðslumenn ráðist til starfa, annaðhvort til fastra starfa sé þess kostur ellegar til tímabundinna verka og einstakra verkefna. Deildin getur í samvinnu við minjaverði og með samþykki menntamálaráðuneytisins fjölgað þeim húsum sem varðveitt eru á vegum safnsins, enda sé til þess fjárveiting. Slíkum mannvirkjum skal fundið viðeigandi hlutverk svo sem kostur er.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Húsafriðunarnefnd ræður framkvæmdastjóra sem jafnframt er ritari nefndarinnar og sér um daglega afgreiðslu þeirra mála sem eru á verksviði nefndarinnar.

Framkvæmdastjóri húsafriðunarnefndar sér til þess að minjaverðir taki þátt í öllu því er lýtur að húsaverndun á viðkomandi svæðum og skulu minjaverðir tilkynna nefndinni um hvaðeina sem gert er til verndunar húsa á minjasvæðum.

Framkvæmdastjóri tryggir samvinnu milli nefndarinnar og húsverndardeildar Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

32. gr. orðist svo:

Húsafriðunarnefnd lætur skrá hús í landinu sem teljast hafa menningarsögulegt og listrænt gildi. Sérstaklega skal halda skrá yfir hús sem njóta friðunar samkv. 1. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. Þá skal húsafriðunarnefnd stuðla að gerð húsakannana í þéttbýli og útgáfu þeirra.

4. gr.

34. gr. orðist svo:

Ákveði menntamálaráðherra friðun húss eða húsa að tillögum húsafriðunarnefndar annast framkvæmdastjóri nefndarinnar þinglýsingu friðunarinnar svo og auglýsingu í Stjórnartíðindum. Framkvæmdastjóri tilkynnir eigendum ákvörðun um friðlýsingu sem og lögreglustjóra, bæjar- og sveitarstjórnnum og byggingarnefndum. Húsafriðunarnefnd skal sjá um að sveitar- og bæjarstjórnnum sé kunnugt um ákvæði 36. gr. þjóðminjalaga um sjálfkrafa friðanir mannvirkja og ákvæði um tilkynningarskyldu eigenda húsa reistra fyrir 1900 í því skyni að bygginarfulltrúar sinni skyldu sinni gagnvart húsafriðunarnefnd.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í þjóðminjalögum nr. 88/1989 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. apríl 1994.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.